

Starfsmannakönnun Skólapúlsins 2018.

Könnunin var lögð fyrir í febrúar 2018. Fjöldi þáttakenda voru 34 en 31 svöruðu könnuninni. Svarhlutfall var því 91,2%

Könnunin skiptist í 5 hluta:

1. Almennt um starfsfólk
2. Viðhorf til leikskólans
3. Uppeldi og menntun
4. Símenntun og undirbúningstími (hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma, notkun undirbúningstíma, tækifæri til símenntunar, virkni í símenntun, símenntundarþörf starfsfólks, hlutfall þeirra sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarið, hindranir í símenntun starfsfólks.
5. Opnar spurningar um líðan í starfi, samskipti, stjórnun og forystu, starfsþróun og kosti og galla leikskólans.

Hér fyrir neðan koma matsþættir innan hvers hluta og spurningar sem mynda matsþáttinn og niðurstöður úr þeim.

1. Almennt um starfsfólk, 6 matsþættir:

- Starfsaldur í leikskólum 4 ár eða hærrí (77,4%)
- Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð (1,8 daga að meðaltali)
- Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð (2,0 skipti að meðaltali)
- Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð (0,9 skipti að meðaltali)
- Matsþátturinn Tíðni áreitni meðal starfsfólks (16,1% eða 5 starfsmenn af 31). Þarna er spurt um hvort fólk hafi orðið fyrir áreiti af foreldrum á síðustu 12 mánuðum (9,7%/ 3 starfsmenn) eða samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum (6,7%/2 starfsmenn).
- Matsþátturinn Tíðni eineltis meðal starfsfólks (6,5 % eða 2 starfsmenn af 31). Þarna er spurt um hvort starfsfólk hafi orðið fyrir einelti frá foreldrum á síðustu 12 mánuðum (3,2 % eða 1 starfsmaður af 31) eða samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum (3,3% eða 1 starfsmaður af 30)

2. Viðhorf til leikskólans, 4 matsþættir:

- Matsþátturinn Starfsánægja í leikskólanum. Spurningarnar/fullyrðingar voru: Ég hef frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi mínu (86,6% segja mjög eða frekar sammála, 13,3 % frekar ósammála), Ég veit til hvers er ætlast af mér í starfi (100 % mjög eða frekar sammála), Ég tel mig búa við starfsöryggi (100 % mjög eða frekar sammála), Hæfni mín er vel nýtt í starfi (96,5 % mjög eða frekar sammála, 3,4 % frekar ósammála), Á heildina litið er ég ánægður í starfi (100% mjög eða frekar sammála).
- Matsþátturinn starfsandi í leikskólanum. Spurningarnar voru: Á mínum vinnustað er tekið vel á móti nýju starfsfólki (100% eru mjög eða frekar sammála), Starfsfólk í leikskólanum miðlar þekkingu sín á milli (93,5% eru mjög eða frekar sammála, 6,5 % eru frekar ósammála), Nýtt starfsfólk fær nauðsynlega fræðslu og þjálfun í

upphafi starfstíma (76,9% eru mjög eða frekar sammála, 23,1 frekar ósammála), Leikskólinn minn hefur góða ímynd (93,6% mjög eða frekar sammála, 6,5% frekar ósammála), Það er góður starfsandi í leikskólanum (100% er mjög eða frekar sammála).

- Matsþátturinn Stjórnun leikskólans. Spurningarnar voru: Ég fæ hvatningu frá yfirmanni/mönnum mínum (96,7 % mjög eða frekar sammála, 3,3 % frekar ósammála), Á undanförunum mánuði hefur mér verið hrósað fyrir vel unnin störf (79,3% mjög eða frekar sammála, 20,6 frekar eða mjög ósammála), Starf mitt er metið að verðleikum af yfirmanni/mönnum mínum ekki verið að tala um leikskólastjóra (100% eru mjög eða frekar sammála), Starf mitt er metið að verðleikum af leikskólastjóra (100% mjög eða frekar sammála), Ég ber traust til yfirmanns leikskólans (100 % mjög eða frekar sammála), Stjórnendur eru sýnilegir í leikskólanum (100 % eru mjög eða frekar sammála), Yfirmenn mínir taka á eineltismálum sem upp koma (96,2 % eru mjög eða frekar sammála, 3,8 eru mjög ósammála).
- Matsþátturinn starfsaðstaða í leikskólanum. Spurningarnar voru: Vinnuaðstaða mín er góð (88,5% eru mjög eða frekar sammála, 11,5 % eru frekar ósammála), Ég kemst yfir það sem ætlast er til á hverjum degi (79,2% eru mjög eða frekar sammála, 20,8% eru frekar ósammála), Það er hæfilegur fjöldi barna á deildinni þar sem ég vinn (61,6% eru mjög eða frekar sammála, 20,8 % eru frekar ósammála), Það er hæfilegur fjöldi starfsfólks á deildinni þar sem ég vinn (84,6 % eru mjög eða frekar sammála, 15,4 % eru frekar eða mjög ósammála), Álag í starfi mínu er of mikið þegar á heildina er litið (69,2% eru mjög eða frekar sammála, 30,7 % eru frekar eða mjög ósammála), Hjá mér er gott jafnvægi milli vinnu og einkalífs (88,4 % eru mjög eða frekar sammála, 11,5 % eru frekar ósammála), Í leikskólanum hefur starfsfólk sveigjanleika til að samræma starf og einkalíf (92% eru mjög eða frekar sammála, 8 % eru frekar ósammála), Starfshættir eru í samræmi við áherslur í námskrá leikskólans (100% eru mjög eða frekar sammála), Dagskipulagið er nægilega sveigjanlegt til að mæta áherslum í námskrá leikskólans (90,9% eru mjög eða frekar sammála, 9,1% eru frekar ósammála).

3. Uppeldi og menntun, 10 matsþættir:

- Matsþátturinn Sjálfsmynd við uppeldi og menntun. Spurningarnar voru: Ég á auðvelt með að framfylgja áherslum leikskólans (100% eru frekar eða mjög sammála), Ég þekki grunnþætti aðalnámskrár (84,6% eru mjög eða frekar sammála, 15,3 % eru frekar eða mjög ósammála), Ég hef næga þekkingu og færni til að styðja við og ná árangri með öll börn (86,9% eru frekar eða mjög sammála, 13% frekar eða mjög ósammála), Ég hef áhuga á að takast á við auknar áskoranir í starfi (100% eru frekar eða mjög sammála), Mér finnst ég leysa viðkvæm mál af yfirvegun í starfi mínu (96% eru frekar eða mjög sammála, 4% eru frekar eða mjög ósammála), Mér finnst ég hafa hæfni til að ráða við starf mitt (100% eru frekar eða mjög sammála), Ég hef brennandi áhuga á starfinu (93,5% eru frekar eða mjög sammála, 6,5 % eru frekar ósammála).

- Matspátturinn Trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna. Spurningarnar voru: Hversu auðvelt áttu með eftirfarandi samskipti við barnahópinn? Að ýta undir félagsfærni og vináttu barna (88,6% segja mjög eða nokkur auðvelt, 7,7 % segja hvorki né), Að ýta undir virka þátttöku og áhrif barnanna í daglegu starfi (80,8 % segja mjög eða nokkuð auðvelt, 19,2 % segja hvorki né), Að hvetja börn til að taka frumkvæði (84,6% segja mjög eða nokkuð auðvelt, 15,4% hvorki né), Að skilja upplifanir og tilfinningar barna (92,4% mjög eða nokkuð auðvelt, 7,7% hvorki né), Að hvetja börn til að nota fjölbreyttar leiðir til náms (83,3 % segja mjög eða nokkuð auðvelt, 16,7% segja hvorki né), Að láta neikvæðar tilfinningar ekki hafa áhrif á viðbrögð við hegðun barnanna (83,3% segja mjög eða nokkuð auðvelt, 12,5% segja hvorki né, 4,2% segja nokkuð erfitt), Að bregðast við áhuga og þörfum barna (92,4% segja mjög eða nokkuð auðvelt, 7,7 % hvorki né), Að leysa vandamál í barnahópnum með árangursríkum hætti (86,9% segja mjög eða nokkuð auðvelt, 13% hvorki né), Að styðja börn við að leysa deilur (88,5% segja mjög eða nokkuð auðvelt, 11,5% segja hvorki né), Að leiðbeina börnum ef upp koma vandamál vegna hegðunar þeirra (84,7% segja mjög eða nokkuð auðvelt, 15,4 % segja hvorki né), Að veita börnunum umhyggju og líkamlega umönnun (100% segja mjög eða nokkuð auðvelt).
- Matspátturinn Trú á eigin getu við daglegt skipulag. Spurt var hversu auðvelt eða erfitt starfsmanni þykir að sinna þáttum í starfinu eins og Hópastarfi (95,8 % segja mjög eða nokkuð auðvelt, 4,2% segja hvorki né), Hvíld (88,5% segja mjög eða nokkuð auðvelt, 7,7% segja hvorki né og 3,8% segja nokkuð erfitt), Frjáls leikur (96,1% segja mjög eða nokkuð auðvelt, 3,8% segja hvorki né), Samverustundir (92,3% segja mjög eða nokkuð auðvelt, 3,8% segja hvorki né og 3,8% segja nokkuð erfitt), Útivist (100% segja mjög eða nokkuð auðvelt), Skapandi starf (80,3% segja mjög eða nokkuð auðvelt, 12,5% hvorki né og 4,2% nokkuð erfitt), Samskipti við foreldra (96,2 % segja mjög eða nokkuð auðvelt, 3,8% segja hvorki né), Stuðningur við börn með sérþarfir (82,6 % segja nokkuð eða mjög auðvelt, 4,3% hvorki né og 13% segja nokkuð erfitt).
- Matspátturinn Trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð. Spurt er hversu auðvelt eða erfitt starfsfólk eigi með samskipti við barnahópinn varðandi: Að kynnast ólíkum bakgrunni og menningu allra barna á deildinni (81,8 % telja það mjög eða nokkuð auðvelt, 18,2 % hvorki né), Að koma til móts við börn af ólíkum uppruna og menningu (69,6% telja það mjög eða nokkuð auðvelt, 30,4 % hvorki né), Að sjá til þess að ekkert barn sé útilokað úr hópnum (80,8 % telja það mjög eða nokkuð auðvelt, 19,2% hvorki né).
- Matspátturinn Samstarf í leikskólanum. Fullyrðingarnar/spurningarnar eru þessar: Samstarfið á deildinni minni er gott (96% eru mjög eða frekar sammála, 1,0 % eru frekar ósammála), Í leikskólanum er samstarfið á milli deilda gott (88,4 % eru mjög eða frekar sammála, 7,7% er frekar ósammála og 3,8 % mjög ósammála), Í leikskólanum vinna deildarstjórar saman (92% er mjög eða frekar sammála, 8,0% er frekar eða mjög ósammála), Í leikskólanum

er samstarfs alls starfsfólks gott (92% er mjög eða frekar sammála, 8,0 % er frekar eða mjög ósammála).

- Matspátturinn Virkar samræður um starfið. Spurt var hversu oft starfsfólk tekur þátt í að ræða eftirfarandi þætti í leikskólanum (hér eru tilgreindir þættir sem fengu hæsta hlutfallið): Hugmyndafræði og stefnu leikskólans (29,2% sögðu annan hvern mánuð eða mánaðarlega og 25% 2-5 sinnum á ári), Grunnþætti aðalnámskrár (32% sögðu 2-5 sinnum á ári en 28% sögðu aldrei), Starfshætti og aðferðir í vinnu með börnum (39,1% segja oft en einu sinni í viku, 17 % vikulega og 17 % annan hvern mánuð eða mánaðarlega), Félagsfærni barna og leiðir til að efla hana (30,4% segja oft en einu sinni í viku og 34,8 % segja vikulega), Hvernig börn læra (25% segja oft en einu sinni í viku og 33,3 % segja vikulega), Samskipti starfsfólks og barna (30,4% segja oft en einu sinni í viku og 39,1% segja vikulega), Samskipti við foreldra (29,2% segja oft en vikulega og 29,2% vikulega), Hlutverk hvers starfsmanns (45,5% segja annan hvern mánuð eða mánaðarlega og 27,3% segja vikulega), Stjórnun og forystu (28,6% segja annan hvern mánuð eða mánaðarlega, 23,8% segja vikulega og 23,8 % segja 2-5 sinnum á ári), Annað sem snýr að starfinu (43,5% segja vikulega og 30,4% oft en einu sinni í viku), Mál sem varða börn með sérþarfir (33,3% segja vikulega, 25% segja oft en einu sinni í viku),
- Matspátturinn Virkni foreldra í leikskólastarfinu. Spurt er hversu sammála eða ósammála starfsfólk er eftirfarandi fullyrðingum um að í leikskólanum: ...Er lögð áhersla á að foreldrar hafi áhrif á daglegt starf (38% er frekar sammála, 65,2% eru frekar eða mjög ósammála), ...Taka foreldrar virkan þátt við upphaf leikskólagöngu (20,8 % er mjög sammála, 66,7 % frekar sammála, 12,5% eru frekar eða mjög ósammála), ...Fylgjast foreldrar með framförum barna sinna (16% er mjög sammála, 68% frekar sammála, 16% eru frekar eða mjög ósammála), ...Taka foreldrar þátt í fundum leikskólans (4,5% eru mjög sammála, 45,5% frekar sammála, 40,9 frekar ósammála, 9,1% mjög ósammála), ...Taka foreldrar þátt í umræðu um skólanámskrá (100% eru frekar eða mjög ósammála).
- Matspátturinn Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans. Spurt er hversu sammála eða ósammála starfsfólk er eftirfarandi fullyrðingum: Starfsfólk leikskólans hefur aðgang að ráðgjöf sérfræðinga utan leikskólans (84,2% eru mjög eða frekar sammála, 15,8% eru frekar eða mjög ósammála).
- Matspátturinn Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir (4,5% er mjög ánægðir, 81,8% frekar ánægðir, 9,1% frekar óánægðir og 4,5% mjög óánægðir).
- Matspátturinn Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir. Spurt er hvort að fólk fái nægar upplýsingar og úrræði vegna barna með sérþarfir (19% er mjög sammála, 52,4% frekar sammála, 28,6% eru frekar eða mjög ósammála).

4. Símenntun og undirbúningstími, 10 matspættir:

- Matspátturinn Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma. Þeir sem eiga undirbúningstíma áttu að svara þessari spurningu. Það voru 15 af 16 sem fá undirbúningstíma (eða 93,8%).
- Matspátturinn Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúningstíma (20% eru mjög sammála, 53,3% frekar sammála, 20% frekar ósammála og 6,7% mjög ósammála).
- Matspátturinn Notkun undirbúningstíma. Fólk var beðið um að merkja við ákveðna þætti sem þeir gera í undirbúningstímanum og mátti merkja við fleiri en eitt atriði. Undirbúningstíminn er aðallega nýttur til að skipuleggja daglegt starf en einnig til að ræða við samstarfsfólk um leikskólastarfið, lesa fræðigreinar og rannsóknir, skipuleggja samstarf við foreldra(s.s. foreldraviðtöl), vinna við skráningar og mat og vinna að hagnýtum verkefnum s.s. að setja inn myndir og fréttir. Einnig fer tími í samstarf með fagaðilum utan leikskólans.
- Matspátturinn Tækifæri til símenntunar. Spurt var hversu sammála eða ósammála starfsfólk er eftirfarandi fullyrðingum: Ég hef tækifæri til að viðhalda og bæta þekkingu mína (87,5 % eru mjög eða frekar sammála, 12,5% eru frekar eða mjög ósammála), Ég get sótt þau námskeið sem ég tel mig þurfa á að halda (62,5% eru mjög eða frekar sammála, 37,5% eru frekar eða mjög ósammála), Sú símenntun sem ég fæ nýtist vel í starfi (90% eru mjög eða frekar sammála, 10% eru frekar eða mjög ósammála), Ég fæ leiðsögn þegar ég þarf á henni að halda(96,1% eru mjög eða frekar sammála, 3,8% eru frekar ósammála).
- Matspátturinn Virgni í símenntun. Spurt er hvort fólk hafi á síðustu 12 mánuðum: Tekið þátt í þróunarstarfi (50% segja já og 50% nei), Tekið þátt í starfendarannsóknnum (96,2% segja nei og 3,8% já), Farið í starfsþróunarsamtal (73,1% segja já, 26,9% segja nei).
- Matspátturinn Símenntunarbörf starfsfólks. Spurt var, í ljósi símenntunar, um hversu mikla þörf starfsfólk hafi á þekkingu/ færni á eftirfarandi sviðum: Inntak aðalnámskrár (12,5% hefur mikla þörf á því, 45,8% nokkra þörf, 37,5% litla þörf og 4,2% enga), Skráning og mat á proska og námi (26,1% mikla þörf, 60,9 nokkra þörf, 13% litla eða enga þörf), Skipulagning á daglegu starfi (13% mikla þörf, 39,1% nokkra þörf, 39,1% litla þörf og 8,7% enga), Að fylgjast með þróun í menntunarfræði ungra barna (21,7% mikla þörf, 56,5% nokkra þörf, 21,7% litla þörf), Börn með sérþarfir eða sérstakan stuðning (95,5% hafa mikla eða nokkra þörf, 4,5 % litla þörf), Hegðun barna og samskipti (91,3% hafa mikla eða nokkra þörf, 8,7% litla þörf), Leikskólastarf í fjölmennigarumhverfi (18,2% mikla þörf, 40,9 % nokkra þörf, 40,9 % litla þörf), Samstarf við foreldra (9,1% mikla þörf, 40,9 nokkra þörf, 36,4% litla þörf og 13,6% enga þörf), Á öðrum sviðum (76,9% segja nokkra þörf).
- Matspátturinn Símenntunarbörf starfsfólks (annað). Þar fær fólk tækifæri til að skrifa hvaða aðra símenntun þau myndu vilja og þar er nefnt málörvun og

málþroska, kvíða barna, fá nýjar hugmyndir til að nota í starfinu með börnunum og námsleikir í spjaldtölvum.

- Matspátturinn Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár (73,1% eða 19 af 26).
- Matspátturinn Hindranir í símenntun starfsfólks. Spurt var hverjir af eftirfarandi þáttum hindruðu starfsfólk til að taka þátt í símenntun: Of dýrt (53,3 % sögðu mikil eða nokkur hindrun, 26,7% sögðu lítil eða engin hindrun), Of lítið svigrúm vegna vinnutíma (76,4% mikil eða nokkur hindrun, 23,6 % lítil eða engin hindrun), Það vantaði stuðning frá stjórnendum (14,3% segja nokkur hindrun, 85% sögðu lítil eða engin hindrun), Ég hafði ekki tíma vegna fjölskylduaðstæðna (31,6% sögðu mikil eða nokkur hindrun, 68,4% sögðu lítil eða engin hindrun), Það voru ekki í boði neinir áhugaverðir kostir (50% segja mikil eða nokkur hindrun, 50% lítil eða engin hindrun), Ég uppfyllti ekki þáttökuskilyrðin (10% segja nokkur hindrun en 90% lítil eða engin hindrun).
- Matspátturinn Hindranir í símenntun starfsfólks (aðrar). Hvað olli því að fólk gat ekki sótt símenntun, tveir svöruðu: gaf sér ekki tíma til þess og úrval áfanga í símenntun.

Opnar spurningar eru ekki birtar opinberlega.